Reglugjörd

fyrir einn Oeconomiskann Fjársjód fyri Vestur-amtid á Íslandi, samin af Amtmanninum samastadar, þann 15da Novbr. 1828, en af Konúngligri Hátign allranádugast stadfest, þann 4da Júníi 1830.

„Þared nockrir f...ðurlands-vinir í Vestur-amtinu, medal hvørra sérilagi kaupmadur Frederik Svendsen á Önundarfyrdi, hafa komid sér saman um, med géfnu tillagi, ad stipta einn oeconomiskann Fjársjód fyri sama amt, og hafa falid mér á hendur ad semja eina þaradlútandi Reglugjørd, svo áqvardast hérmed, í von um Konúngligrar Hátignar allranádugustu stadfesting, eptirfylgjandi:

§. 1.

„Fjársjódsinns eign, ad upphæd til batum 250 (tvø hundrud og fimmtíu) ríkisbánkadalir reidu sylfurs, sem borgadir eru í Íslands Jardabókarkassa, má ei uppsegja, eda til borgunar brúka. Ei heldur þeim géfnu tillögum, er til Fjársjódsinns héreptir innkoma, og í sama kassa innborgud verda.

§. 2.

„Rentu af Fjársjódsinns høfudstól skal hinnsvegar árliga brúkast, sem premía eda verdlaun, til ad frammqvæma jardar-rækt, fiskirí, húsligar hand-

idnir, og yfirhøfud hvørnsemhellst nytsamligann og almenníngi áríðandi næríngarveg. Ef premía ei er útdeild eitt eda annad ár, á ad leggja þá spørudu rentu til Fjársjódsinns høfudstóls, samqvæmt nærstundangenginni §.

§. 3.

„Øllum yfirhøfud er gésid leyfi, ad sækja um premíu, enn þó sérilagi fátækum, frammqvæmdarsømum og rádvøndum mønnum í bænda-stétt. Eingin premía má vera minni, enn fimm ríkisbánkadalir reidu sylfurs, enn meiri, ef Fjársjódsinns efni leyfa þad, og þad ad ødrulu er áliktad, ad sá sem sækir um premíu, hafi forþénad ad ødlast stærri verdlaun.

§. 4.

„Eingin premíu-ósk má til álits koma, sem ei er skrifud og vitnisfest, af geistligum eda verdsligum embættismanni, og þarhjá af einum alkéndum gódum manni, í bændastandi. Þeir sem vitnisburdinn géfa skulu; uppá æru og samvitsku, vitna, ad þeir sjálfir hafi séd þann hlut, fyrir hvørn um premíu er bedid, og ad þeir þannig hafi sannfært sig um, ad hlutarinns ásigkomulag sé samqvæmt því, sem þarum er sagt í bónarbréfinu. Þeir megu ei vera þeim, sem um verdlaunin bidur, svo nær skildir eda mægdir, sem í sídulínunnar ødrum grad.

§. 5.

„Amtmadurinn í Vestur-amtinu og sá Sýslumadur í sama amti, sem býr næst hønum, skulu sídfeldliga vera Fjársjódsinns stjórnarmenn, og megu ei skora sig undan því. Þeir skulu hallda bók útaf fyri sig, yfir

sín stjórnarverk, og parí innfæra øll þau bréf, er vidkoma stjórninni, sem og reikníng árliga, yfir Fjársjódsinns inntektir og útgiftir. Af reikníngum senda þeir árliga útdrátt, til vidkomandi konúngligs Stjórnar-ráds. Ad ødruleiti er þeim leyft, ad skipta stjórnarverkum milli sín, enn bádir séu jafnansvarligir fyri stjórninni.

§. 6.

„Premíu-óskirnar sendast Amtmanninum í Vestur-amtinu, sem, ásamt hinum stjórnara Fjársjódsinns, eptir bestu vitund og samvitsku, yfirvegar og áliktar, hvørt nockud og hvad vídara sé þarvid ad gjøra. Ef stjórnarana ágreinir, gyldi meiníng og álíktan Amtmannsinns.

§. 7.

„Þessa Reglugjørd skulu þeir láta prenta, og opinberliga auglýsa, líka árliga skýrslu um þær veittu premíur, og þær markverdustu, þaradlútandi, kríngumstædur, ef ad ødruleiti ásigkomulag leyfir, ad slík sídarnefnd auglýsíng hér géti haft stad."

Þess er ad géta: ad Fjársjódsinns eign, vid þessa árs útgaungu, er 537 rbd. r. s. Héraf eru 500 rbd. r. s. innborgadir í hinn konúngliga íslendska Jardarbókar-kassa, móti 4 procent rentuberandi Obligationum; þeir 37 rbd. r. s. er afgánga, eru ætladir fyrst um sinn til smávegis útgifta, er kunna fyrir ad falla.

Flestir veraldligir embættismenn og kaupmenn í Vestur-amtinu, hafa veitt Fjársjódnum stærri eda minni styrk í peníngum, líka fáeinir menn af

geistligri og bænda-stétt. Enn einsog sá framqvæmdarsami föðurlandsvinur, kaupmaður Fred. Svendsen, á Önundarfyrði, er þessa Sjóðs fyrsti stiptari, svo hefur hann og, með stórgjöfum, aukið hann með hartnær ⅔ pörtum, eða hérumbil 324 rbd. r. s. Honum fyrst og fremst ber þessvegna heiður og þakklæti, fyri þá nytsemi, er þessi Sjóður seinna meir mun af sér leiða.

Íslands Vestur-amts Contóri, Stapa, þann 1ta Januar 1831.

Thorsteinson, Amtmaðr í Vestur-amtinu, Ridder af Dannebrogen.

C. Magnusen, Sýslumaður í Snæfellsness-sýslu.